

## Svar

### fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Þorsteini Sæmundssyni um utanlandsferðir á vegum ráðuneytisins.

1. Hversu margar utanlandsferðir fóru árin 2016–2019:
  - a. ráðherra,
  - b. yfirstjórn,
  - c. almennir starfsmenn,
  - d. starfsmenn stofnana ráðuneytisins, sundurliðað eftir stofnunum?

Í svarinu er gengið út frá því að með flokknum yfirstjórn í b-lið sé átt við ráðuneytisstjóra og skrifstofustjóra en aðstoðarmenn ráðherra eru hér flokkaðir með almennum starfsmönnum.

*Utanlandsferðir ráðherra, yfirstjórnar og starfsmanna.*

	2016	2017	2018	2019
<b>Ráðherra</b>	7	6	8	6
<b>Yfirstjórn</b>	45	39	41	36
<b>Starfsmenn</b>	128	154	161	95

*Utanlandsferðir starfsmanna stofnana.*

	2016	2017	2018	2019
<b>Bankasýsla ríkisins</b>	Engin ferð á tímabilinu			
<b>Fjármálaeftirlitið</b>	157	188	205	143
<b>Fjársýsla ríkisins</b>	15	7	12	16
<b>Framkvæmdasýsla ríkisins</b>	10	16	11	16
<b>Ríkiseignir</b>	3	1	10	1
<b>Ríkiskaup</b>	16	9	13	8
<b>Ríkisskattstjóri</b>	33	33	44	72
<b>Skattrannsóknarstjóri</b>	8	15	12	8
<b>Tollstjóri</b>	60	67	80	45
<b>Umbrá- þjónustumiðstöð</b>				
<b>Stjórnarráðsins</b>	3	5	8	10
<b>Yfirskattanefnd</b>	Engin ferð á tímabilinu			

2. *Voru ferðirnar kolefnisjafnaðar?*

Ráðuneytið og undirstofnanir kolefnisjöfnuðu ekki ferðir sínar á tímabilinu 2016–2018. Ráðuneytið mun hins vegar kolefnisjafna ferðir fyrir árið 2019 í samræmi við loftslagstefnu Stjórnarráðsins.

3. *Er til fjarfundabúnaður í ráðuneytinu eða í stofnunum sem heyra undir ráðuneytið og ef svo er, hvar?*

Með nýjum samningi um Microsoft-hugbúnaðarleyfi er öllum starfsmönnum ríkisins tryggður aðgangur að Skype for Business og Teams samskiptabúnaði sem hægt er að nýta við fjarfundi.

Ráðuneytið hefur innleitt nýja samninginn í starfsemi sinni og hafa því allir starfsmenn slíkan búnað uppsettann í tölvum sínum. Jafnframt er uppsettur sérstakur fjarfundabúnaður í tveimur fundarherbergjum í ráðuneytinu.

Þær undirstofnanir ráðuneytisins sem innleitt hafa nýjan samning um Microsofthugbúnað hafa aðgang að Teams og Skype for Business. Jafnframt nýta ríkisskattstjóri, embætti skatt-rannsóknarstjóra, yfirskattanefnd og tollstjóri fjarfundabúnað í starfsemi sinni.

4. *Hversu margir fundir voru haldnir með fjarfundabúnaði árin 2016–2019 með aðilum í útlöndum?*

Ekki er skráður sérstaklega fjöldi fjarfunda með aðilum í útlöndum í ráðuneytinu né í þeim undirstofnunum sem eru með fjarfundabúnað.